

REGLUGERÐ

um eyðingu svartbaks með eitri.

1. gr.

Umráðendum friðlýsts æðarvarps er heimilt að eitra fyrir svartbak (veiðibjöllu) í varplöndum á tímabilinu frá 15. maí til 1. júlí ár hvert.

2. gr.

Til eitrunar skal nota strýknín (nitrás strychnicus venalis). Það eitur er banvænt mönnum sem skepnum, og ber að gæta sérstakrar varúðar um meðferð þess.

Eitur skal látið í æðaregg um gat, á að gizka 1 cm að þvermáli, er gera skal á hlið þess. Í hvert egg skal láta sem svarar ½ g af eitrunu og hræra því saman við innihald eggisins, t. d. með fjöðurstaf.

Mönnum ber að forðast að láta eitur koma við sig, en fari svo, skulu þeir þvo sér vandlega á eftir.

Stranglega er bannað að eitra annað en æðaregg.

3. gr.

Eitruð egg skulu lögð þar í varplönd, sem svartbaks er helzt von, og snúi rofna hliðin upp. Svartbak eða aðra fugla, sem kunna að drepast af eitri, skal grafa tafarlaust, þar sem þeir finnast, og varast að snerta þá berum höndum.

4. gr.

Staðir þeir, sem eitruð egg eru höfð á, skulu vel auðkenndir, svo að þeim, er um þá kunna að eiga leið, verði augljóst, að þar er von eitraðra eggja og fugla, sem drepizt hafa af eitri. Sérstaklega skal þess gætt, að fólki, sem hirðir æðarvörp, sé kunnugt, hvar eitruð egg eru höfð.

5. gr.

Útlát eiturs til að eitra fyrir svartbak (sbr. 1. gr.) annast lyfsalar, en héraðslæknar, þar sem ekki verður auðveldlega náð til lyfsala, og fer um afgreiðslu samkvæmt gildandi reglum um sölu eiturefna til annarra afnota en lækninga, sbr. auglýsingu landlæknis 19. nóvember 1913 (Lögbirtingablað 1913, bls. 148—149).

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 500—5000 kr.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 63 1954. Öðlast hún þegar gildi og birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 45/1942, um eyðingu svartbaks með eitri.

Menntamálaráðuneytið, 10. maí 1957.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.